

Fimmtudaginn 18. janúar 1996.

Nr. 358/1994.

X

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

**dóms- og kirkjumálaráðherra og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

og gagnsök

Frelsissvipting. Lögræðislög. Skaðabætur. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. ágúst 1994. Hann krefst þess aðallega, að gagnáfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 1.000.000 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. júlí 1993 til greiðsludags. Til vara krefst aðaláfrýjandi lægri fjárhæðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, sbr. 178. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Aðaláfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt bréf dómsmálaráðherra 9. nóvember 1994 um gjafsókn hér fyrir dómi.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 5. október 1994. Gagnáfrýjendur krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

I.

Með bréfi til yfirlæknis geðdeildar Landspítalans 30. júlí 1993 samþykkti dóms- og kirkjumálaráðuneytið, að aðaláfrýjandi yrði gegn vilja sínum vistaður á sjúkrahúsi að beiðni Félagsmálastofnunar Hafnarfjarðar. Vísað var til 3. mgr., sbr. 2. mgr., 13. gr. lögræðis-laga nr. 68/1984 og vottorðs Þorsteins Njálssonar læknis, sérfræðings í heimilislækningum, frá deginum áður.

Greinargerð Félagsmálastofnunar Hafnarfjarðar 29. júlí 1993, sem fylgdi beiðninni, er undirrituð af Guðrúnu Hrefnu Sverrisdóttur félagsráðgjafarnema. Þar segir meðal annars, að hún telji aðaláfrýjanda þarfnast geðmeðferðar þegar í stað, og er það rökstutt þannig: „Byggist álit m. a. á hegðun mannsins undanfarna mánuði, eigin umhirðu svo og brengluðu hugarfari, sem kemur fram í bréfum til starfsmanna Félagsmálastofnunar Hafnarfjarðar.“ Ítrekuð er beiðni til sjúkrahússins að taka við aðaláfrýjanda, „um leið og hann fæst til þess að fara þangað í viðtal“.

Vottorð Þorsteins Njálssonar lækni er rakið í héraðsdómi. Þar kemur fram, að Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar fari fram á „sjálf-ræðissviptingu“ vegna atburða síðustu daga og „að meðmælum undirritaðs“. Læknirinn telur aðaláfrýjanda haldinn geðklofa með miklum ofsóknarhugmyndum, hann skorti allt sjúkdómsinnisæi og þarfnist lækni- og lyfjameðferðar, sem ekki sé framkvæmanleg nema með innlögn á geðdeild, og sé brýn nauðsyn til hennar. Í vottorðinu er vísað til samráðs við lækni á sjúkrahúsinu, en í málinu liggja hvorki fyrir upplýsingar um skýr deili á þessum lækni né álit hans að öðru leyti.

Í vottorði dr. Sigurjóns B. Stefánssonar geðlæknis frá 27. ágúst 1993, sem einnig er tilgreint í héraðsdómi, og framburði hans þar fyrir dómi kemur fram það álit, að aðaláfrýjandi, sem sé sérvitur og hafi ýmis óvenjuleg áhugamál, hafi ekki verið haldinn alvarlegum geðsjúkdómi og „nauðungarvistun hans á geðsjúkrahús hafi verið alvarleg mistök“.

Í bréfi til lögmanns Ríkisspítalanna 3. mars 1994 dregur Tómas Helgason prófessor í efa, að einkenni þau, sem tilgreind voru í framangreindu vottorði Þorsteins Njálssonar lækni, bendi til geðklofa með miklum ofsóknarhugmyndum. Honum þykir líklegra, „að X sé sérkennilegur maður, sem hafi haft geðhvarfasjúkdóm 1986 og 1993, er hann kom á geðdeild Landspítalans, sem þó hafi varla verið nægjanlega alvarlegur til þess að leggja hann á sjúkrahús gegn vilja hans“. Fyrir héraðsdómi bar Sigurjón B. Stefánsson brigður á álit Tómasar Helgasonar um geðhvarfasjúkdóm aðaláfrýjanda, enda hefði prófessorinn ekki séð hann.

Eins og mál þetta liggur fyrir, verður að telja ósannað, að um efnisleg skilyrði 13. gr. lögræðis laga hafi verið að ræða, til þess að

hefta mætti frelsi aðaláfrýjanda og vista hann á sjúkrahúsi gegn vilja hans. Þá verður einnig að telja, að þau gögn, sem lögð voru fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið 30. júlí 1993, hafi ekki verið alveg ótvíræð um andlegt heilsufar aðaláfrýjanda í því samhengi, sem hér skiptir máli. Hefði ráðuneytinu því verið rétt að kalla eftir frekari upplýsingum samkvæmt 1. mgr. 16. gr. lögræðisлага eða leita eftir álitum trúnaðarlæknis síns samkvæmt 17. gr. laganna, áður en endanleg ákvörðun var tekin, sbr. og 2. mgr. 13. gr. lögræðisлага.

II.

Í framburði Sigurjóns B. Stefánssonar geðlæknis fyrir héraðsdómi kemur fram, að enginn þeirra sérfræðinga í geðlækningum, sem voru á bakvakt á sjúkrahúsinu 30. og 31. júlí 1993, eða yfirlæknir deildarinnar hafi vitað um innlögn aðaláfrýjanda á þeim tíma. Þá hélt hann því og fram, að enginn þessara manna hefði vitað um þá sprautu, sem aðaláfrýjanda hefði nauðugum verið gefin á öðrum degi innlagnar og haft ýmsar óæskilegar, líkamlegar aukaverkanir. Þessu hefur ekki verið hnekkt af hálfu gagnáfrýjenda. Í áður nefndu bréfi Tómasar Helgasonar prófessors segir, að sá læknir, sem tók á móti aðaláfrýjanda við komu á spítalann, hafi talið hann vera með oflæti, en það er önnur sjúkdómsgreining en fram kom í vottorði Þorsteins Njálssonar læknis, sem lagt var fyrir ráðuneytið. Læknirinn hafi talið rétt að gefa honum lyf til að draga úr oflætinu. Um þetta nýtur þó ekki frekari gagna. Eins og málið liggur fyrir, verður að telja, að af hálfu sjúkrahússins hafi ekki verið réttilega staðið að viðtöku aðaláfrýjanda og meðhöndlun hans fyrstu dægrin. Á hinn bóginn verður ekki talið, að aðaláfrýjandi hafi ekki getað farið frjáls ferða sinna af sjúkrahúsinu eftir 3. ágúst 1993.

III.

Samkvæmt framansögðu verða aðaláfrýjanda dæmdar miskabætur á grundvelli 176. gr. laga nr. 19/1991, sbr. og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykja bæturnar hæfilega ákveðnar 300.000 krónur. Skulu þær bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. október 1993 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi nýtur lögbundinnar gjafsóknar í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt 178. gr. laga nr. 19/1991. Greiðist því allur gjaf-

sóknarkostnaður hans úr ríkissjóði, þar með talin málflytningsslaun á báðum dómstigum, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjendur, dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, X, 300.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. október 1993 til greiðsludags.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningsslaun Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, samtals 200.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júní 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. júní 1994, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 17. janúar 1994 af X, Reykjavík, gegn dóms- og kirkjumálaráðuneyti, kt. 550169-7619, og fjármálaráðuneyti kt. 550169-2829, f. h. ríkissjóðs, sem komið var á framfæri með því, að ríkislögmaður áritaði stefnuna 24. janúar 1994 og lýsti um leið yfir, að stefndi fæli honum meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

„1. að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 1.000.000 kr., með hæstu dráttarvöxtum hverju sinni samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. júlí 1993 til greiðsludags,

2. að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins“.

Stefndi ríkissjóður gerir þær dómkröfur aðallega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara krefst stefndi „stórkostlegar“ lækunarstefnukrafna og að málskostnaður verði í því falli felldur niður.

I.

Málavextir.

Föstudaginn 30. júlí 1993 var stefnandi vistaður gegn vilja sínum á geðsjúkrahúsi að tilhlutan Félagsmálastofnunar Hafnarfjarðar, en af hálfu stofnunarinnar var leitað samþykkis dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að stefnandi, sem þá var með heimilisfang að Reykjavíkurvegi 22 í Hafnarfirði, en dvalarstað að Gistiheimilinu Bergi þar í bæ, yrði vistaður með

Þessum hætti hjá geðdeild Landspítalans, „deild 13, Kleppi“. Vísað var til 13. gr., sbr. 14. og 15. gr. lögræðisлага nr. 68/1984, í því sambandi. Erindinu fylgdi m. a. greinargerð Guðrúnar H. Sverrisdóttur félagsráðgjafarnema f. h. Félagsmálastofnunar Hafnarfjarðar og vottorð Þorsteins Njálssonar, heilsugæslulæknis í Hafnarfirði, hvort tveggja dagsett daginn áður. Af hálfu ráðuneytisins var samdægurs fallist á þessa ósk með vísun til læknisvottorðsins og „samkvæmt heimild í 3. mgr., sbr. 2. mgr., 13. gr. lögræðisлага“, og er þeirri ákvörðun lýst í bréfi þann dag til yfirlæknis geðdeildar Landspítalans, deild 13, Kleppsspítala, og Félagsmálastofnunar Hafnarfjarðar. Í bréfinu var áréttað, að vekja bæri athygli sjúklings á því með viðeigandi hætti, að honum væri heimilt að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistun, sbr. 18. gr. lögræðisлага.

Með bréfi, dags. 3. ágúst 1993, til dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur leitaði stefnandi úrlausnar dómsins um ákvörðun ráðuneytisins um vistunina. Hinn 5. sama mánaðar var krafa stefnanda um, að nauðungarvistun hans á sjúkrahúsi yrði felld úr gildi, tekin fyrir á dómþingi. Við þingfestingu var skrifleg krafa stefnanda um, að ákvörðun ráðuneytisins yrði felld úr gildi, ásamt staðfestum ljósritum af gögnum, sem ákvörðun ráðuneytisins var reist á, lögð fram, þ. m. t. ljósrit af vottorði Þorsteins Njálssonar læknis. Stefnandi sótti sjálfur þing, og kvaðst hann ekki óska eftir, að honum yrði skipaður talsmaður, þegar hann var um það spurður. Af hálfu ráðuneytisins var ekki talin ástæða til að sækja þing. Daginn eftir, 6. ágúst, var á dómþingi kveðinn upp úrskurður að viðstöddum stefnanda, þar sem hafnað var kröfu hans og eins og þar segir: „Með vísan til þeirra gagna, sem ákvörðun dómsmálaráðuneytisins var reist á, og þá aðallega mats læknis á sjúkdómi sóknaraðila og nauðsynjar þess, að hann yrði vistaður til meðferðar á geðdeild, þykir lagaskilyrðum til ákvörðunar ráðuneytisins hafa verið fullnægt, sbr. 3. mgr., sbr. 2. mgr., 13. gr. lögræðisлага nr. 68/1984 svo og 14.-17. gr. sömu laga.“

Stefnandi skaut málinu til Hæstaréttar með kærú 17. ágúst 1993, sem barst réttinum 1. september 1993, og var málinu vísað frá 13. sama mánaðar á grundvelli þess, að vistun stefnanda á sjúkrahúsi lauk 19. ágúst þ. á., og hafði hann því ekki lengur réttarhagsmuni af því, að hinn kærdi úrskurður kæmi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst reisa kröfu sína á því, að ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sem hér um ræðir, hafi verið efnislega röng; ákvörðun

ráðuneytisins hafi verið byggð á ófullnægjandi læknisfræðilegum gögnum. Staðhæft er, að nauðungarvistun skv. 3. mgr., sbr. 2. mgr., 13. gr. lögræðis- laga nr. 68/1984, verði eingöngu beitt, ef um alvarlegan geðsjúkdóm sé að ræða hjá viðkomandi og vistun þyki því óhjákvæmileg að mati læknis. Hins vegar hafi í tilviki stefnanda verið farið að vottorði Þorsteins Njálssonar, sem sé sérfræðingur í heimilislækningum, en ekki geðsjúkdómum. Þá telur stefnandi það staðreynd, að hann sé ekki og hafi ekki verið haldinn alvar- legum geðsjúkdómi, og styðjist það við álit dr. Sigurjóns B. Stefánssonar, sérfræðings í geðlækningum, enda sé niðurstaða geðlæknisins sú, að stefn- andi hafi ekki þurft á neinni læknis- eða lyfjameðferð að halda og nauð- ungarvistun hans á geðsjúkrahúsi verið alvarleg mistök.

Stefnandi telur, að ráðuneytið hefði átt að afla sér álits sérfræðinga í geð- lækningum, áður en ákvörðun um frelsissviptingu hans var tekin. Þá hafi af hálfu ráðuneytisins ekki verið leitað álits stefnanda á beiðni Félagsmála- stofnunar Hafnarfjarðar um nauðungarvistun hans, og þannig hafi honum ekki verið gefinn kostur á að hreyfa andmælum.

Stefnandi telur sig hafa sætt frelsissviptingu til 19. ágúst 1993. Hann stað- hæfir, að hann hafi nauðugur verið sprautaður á geðsjúkrahúsinu geðlyfinu Trilafon, sem hafi m. a. haft þau áhrif, að hann hafi átt í erfiðleikum með þvaglát; þá verði ekki á móti mælt, „að ólögmæt og ástæðulaus frelsissvipt- ing í 20 daga verður að teljast mikill miski og þjáning fyrir þann, sem slíku sætir“.

Við aðalmeðferð kom fram hjá lögmanni stefnanda, að bótakrafan stydd- ist við grundvallarreglur ákv. XXI. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að öllum lagaskilyrðum hafi verið fullnægt, til að dómsmálaráðuneytið mætti fallast á umrædda beiðni Félags- málastofnunar Hafnarfjarðar, engum saknæmum mistökum hafi þar verið til að dreifa, er bótaábyrgð verði reist á. Þá er því haldið fram, að ekki sé það fortakslaust skilyrði fyrir, að dómsmálaráðuneytið megi samþykkja beiðni um skammtíamavistun, að læknisvottorð, sem ákvörðunin er reist á, sé gefið út af sérfræðingi í geðlækningum, en í þessu tilviki hafi vottorðið verið gefið af lækni, sem auðsjáanlega var vel kunnugur heilsuhögum og ástandi stefnanda, og hafi vottorðið ásamt öðrum gögnum, er fylgdu beiðn- inni, borið það skilmerkilega með sér, að stefnandi kynni að vera haldinn alvarlegum geðsjúkdómi. Og þótt niðurstaða rannsókna, sem komið var

við í skjóli bráðabirgðavistunar, kunni síðar að hafa leitt annað í ljós um heilsufarsástand viðkomandi, raski það ekki lagaforsendum fyrir ákvörðun ráðuneytisins.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að skylt hafi verið að gefa stefnanda kost á að tjá sig, áður en afstaða til beiðni Félagsmálastofnunar Hafnarfjarðar var tekin, enda mæli ákv. III. kafla laga nr. 68/1984 ekki fyrir um það, en þau lög giltu um málsmeðferð á þeim tíma, sem nauðungarvistun stefnanda var samþykkt. Mótmælt er, að stefnandi hafi sætt nauðungarvistun í 20 daga, eins og stefnandi staðhæfi, þar eð stefnandi hafi sjálfviljugur dvalist á geðdeildinni og verið frjáls ferða sinna, eftir að dr. Sigurjón B. Stefánsson geðlæknir skoðaði hann 3. ágúst 1993. Þá er því mótmælt sem ósönnuðu, að stefnandi hafi orðið fyrir aukaverkunum af lyfjagjöf við komu á spítalann. Kröfum stefnanda er mótmælt sem allt of háum; enn fremur er vaxtakröfu og upphafstíma vaxta mótmælt.

IV.

Niðurstaða.

Sjálfráða maður verður ekki vistaður í sjúkrahúsi gegn vilja sínum skv. 1. mgr. 13. gr. lögræðis laga nr. 68/1984. Undantekningu frá þessari meginreglu er að finna í 2. mgr. sömu greinar laganna, þar sem segir: „Þó má hefta frelsi manns, ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna. ...“ Ekki er um það deilt, að stefnandi var vistaður gegn vilja sínum á geðsjúkrahúsi á grundvelli þess, að hann væri haldinn alvarlegum geðsjúkdómi.

Í vottorði dr. Sigurjóns B. Stefánssonar geðlæknis frá 27. ágúst 1993, er lagt hefur verið fram í máli þessu sem dskj. nr. 8, segi orðrétt: „X dvaldist á deild 13, geðdeild Landspítalans að Kleppi, frá 30. 7. '93 til 19. 8. '93; hafði hann verið fluttur á deildina með lögregluvaldi með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Það féll í minn hlut að vera geðlæknir X hér á spítalanum. Ég sá hann fyrst tveimur dögum eftir innlögn og hitti hann nær daglega eftir það, meðan hann dvaldist á deildinni. Greinilegt var, að X var mjög reiður vegna þessarar nauðungarvistunar og fannst freklega brotið á rétti sínum. Þessi reiði hans bitnaði þó engan veginn á starfsfólki geðdeildar eða sjúklingum; hann var yfirleitt hinn þægilegasti í viðmóti og hjálpsamur, en lét samt óhikað skoðanir sínar í ljós. X er sérvitur, hefur ýmis óvenjuleg áhugamál, en ekkert kom það fram í fari hans, sem benti til, að hann væri með alvarlegan geðsjúkdóm. Hann var stundum dálítið ör og talaði mikið, einkum þegar ástæða innlagningar var rædd. X hefur átt í útistöðum við „kerfið“ og telur sig hafa verið órétti beittan. Hann rökstyður mál sitt vel,

og gat ég ekki greint neitt, sem kalla mætti ranghugmyndir. X þurfti ekki á neinni sérstakri lækni- eða lyfjameðferð að halda, eftir að hann lagðist inn, en því miður var honum gefin nauðungarsprauta á öðrum degi innlagnar, sem að mínu mati var ónauðsynleg og hafði ýmsar óæskilegar líkamlegar aukaverkanir. Það er því miður oft erfitt að stöðva vitleysuna, þegar hún í eitt skipti er farin af stað. Þau gögn, sem ég hef undir höndum um ástand X, áður en hann kom á deildina, gefa mér ekki ástæðu til að álykta, að hann hafi verið alvarlega geðsjúkur þá, og tel ég, að nauðungarvistun hans á geðsjúkrahúsi hafi verið alvarleg mistök.“

Í umsögn dr. med. Tómasar Helgasonar, prófessors og sviðsstjóra geðdeildar Landspítala, um vistun stefnanda á deildinni og vottorð dr. Sigurjóns B. Stefánssonar geðlækni, dskj. nr. 21, segir m. a.: „Í vottorði Þorsteins Njálssonar lækni, sem fylgdi beiðni um sjálfræðissviptingu, kemur fram, að Þorsteinn hafi talið, að X væri haldinn geðklofa með miklum ofsóknarhugmyndum. Einkenni þau, sem hann telur upp í vottorði sínu, gætu gefið grun um slíkt, þó að undirrituðum þyki líklegra, að X sé sérkennilegur maður, sem hafi haft geðhvarfasjúkdóm 1986 og 1993, er hann kom á geðdeild Landspítalans, sem þó hafi varla verið nægjanlega alvarlegur til þess að leggja hann á sjúkrahús gegn vilja hans. ...“

Sú vitneskja um geðheilsu stefnanda, sem kemur fram í vottorði dr. Sigurjóns B. Stefánssonar geðlækni og í umsögn dr. Tómasar Helgasonar prófessors, var dóms- og kirkjumálaráðuneytinu ekki tiltæk, er umdeild ákvörðun var tekin. Á hinn bóginn fylgdi beiðni um samþykki ráðuneytisins læknavottorð Þorsteins Njálssonar, heilsugæslulækni í Hafnarfirði, en þar segir m. a.: „Undirritaður er heimilislæknir X og hefur sinnt málum hans frá síðustu áramótum, en var áður heimilislæknir hans í Rangárvallasýslu 1988-89. Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar hefur tjáð mér, að stofnunin fari fram á sjálfræðissviptingu X til að koma honum í geðmeðferð, og er það til orðið eftir atburði síðustu daga og að meðmælum undirritaðs. X hefur lengi verið ákaflega furðulegur í hegðun og verið talinn haldinn krónískum geðklofa. [...] Í samráði við lækni deildar 13 á Kleppspítala, Garðar, er talið skynsamlegt og nauðsynlegt að vista X á geðdeild, og þar sem hann hefur ekki sjúkdómsinnisæi, þarf að koma til sjálfræðissvipting, til að hægt verði að hefja meðferð á geðveiki hans, ...“

Gjalda verður varhuga við að viðurkenna eða heimila á einhvern hátt rétt stjórnvalda til að svipta mann frelsi án sakar, enda þótt embættismenn hafi velferð viðkomandi að markmiði. Og þar sem nú komið hefur í ljós um síðir, að stefnandi var ekki haldinn alvarlegum geðsjúkdómi, þegar frelsi hans var heft, eins og dr. Sigurjón B. Stefánsson geðlæknir vottar og um-

sögn sviðsstjóra geðdeildar Landspítala staðfestir, verður að viðurkenna, að stefnandi hefur sætt frelsisskerðingu, án þess að skilyrði 2. mgr. 13. gr. laga nr. 68/1984 um alvarlegan geðsjúkdóm hafi verið til að dreifa. Hins vegar er ljóst af framburði dr. Sigurjóns og af öðrum gögnum málsins, einkum dskj. nr. 23, sem er bréf stefnanda, dags. 4. ágúst 1993, að stefnandi var frjáls ferða sinna á þeim tíma, sem bréfið er dagsett.

Að þessu virtu verður að telja með vísun til b-liðar 176. gr. laga nr. 19/1991, að stefnandi eigi rétt á bótum úr hendi stefnda. Þykja bætur hæfilega ákvarðaðar 100.000 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði segir.

Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda 50.000 krónur í málskostnað. Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi ríkissjóður greiði stefnanda, X, 100.000 krónur með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. október 1993 til greiðsludags og 50.000 krónur í málskostnað.
